



Fæðuofnæmi hjá börnum

Algengustu orsakir fyrir fæðuofnæmi eru kúamjólk, egg, fiskur, hveiti og hnetur.

Einkenni geta komið frá meltingarvegi, húð og öndunarfærum.

Þessi börn þrífast oft illa og jafnvel er saga um óvæð.

Ofnæmisviðbrögð geta komið fram innan við sólarhring. Ef grunur er um fæðuóþol eða ofnæmi er gott að skrá niður hvað barnið fær að borða og einkenni sem koma fram.

Börn á þessum aldri eru viðkvæmur hópur og mjólkurvörur mikilvæg uppspretta orku og annarra næringarefna. Því er mikilvægt að fara yfir með næringarráðgjafa hvað kemur í staðinn ef mjólkurvörur eru teknar út.

Auknar líkur er á að barnið geti fengið ofnæmi ef ofnæmi er í nærfjölskyldu.



Greining er gerð af barnaofnæmislækni sem vísar áfram til næringarráðgjafa.